



ÍSAFJARÐARBÆR

Alþingi
Erindi nr. P 130/2492
komudagur 21.5.2004

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík,

Ísafirði, 25. maí 2004
Tilvísun: 2004050064
HH/ÞP

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 996. mál.

Undirritaður fékk boð um að umsagnarfrestur um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 996. maí, hefði verið stytur um einn dag eða til 23. maí n.k. Til að umsögn berist frá Ísafjarðarbæ innan frestsins sendir undirritaður sjávarútvegsnefnd Alþingis bókun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar frá 19. maí sl.:

„Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar skorar á Alþingi Íslendinga að samþykkja, að sóknardagar í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fiskveiðar, sem nú er til afgreiðslu á Alþingi og varðar sóknardaga smábáta, verði að lámarki 23.“

Með þessari bókun er bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að leggja áherslu á mikilvægi þess að sóknardögum smábáta verði ekki fækkað frekar og svokallað frekar og svokallað gólf verði sett með 23 dögum. Landanir dagabáta skipta miklu fyrir fiskvinnslu og athafnalíf í Ísafjarðarbæ og þess vegna telur bæjarstjórn mikilvægt að útgerðarmönnum dagabáta verði gert kleift að halda áfram í þeim útgerðarflokki.

Til að þeir geti haldið áfram í dagabátakerfimu er mikilvægt að lagabreyting verði þannig að hagstætt verði að vera í dagakerfinu en ekki að einungis verði hagstætt að hætta í því kerfi og færa sig yfir í krókaaflamarkskerfið.

Efni bréfsins barst yður í tölvupósti þann 21. maí s.l.

Virðingarfyllst

Halldór Halldórsson

- bæjarstjóri -